

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vatnsendahvarf - athafnasvæði, svæði 3.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að um 6 ha opið óbyggt svæði í Vatnsendahvarfi - athafnasvæði, svæði 3 og afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi í vestur, fyrirhuguðum Vatnsendavegi í norður, núverandi byggð Vatnsenda norðursvæði til suðurs og opnu svæði Vatnsendahvarfs til suðvesturs, breytist í svæði með blandaða landnotkun verslunar- og þjónustusvæðis og athafnasvæðis og verður nýtingarhlutfall svæðisins 0,5. Gert er ráð fyrir 9 lóðum á svæðinu með hámarksnýtingarhlutfall 0,6.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. september 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*